

## **Greinargerð um gróðurskoðun á fyrirhuguðu vegstæði og grjótnámssvæði á Kolbeinstanga**

Skoðunin fór fram 13. júní 1996. Gróður var fremur stutt á veg komin og því ekki hægt að gera fullkomlega tæmandi tegundalista fyrir svæðið einungis hægt að gera grein fyrir gróðurlendi og helstu tegundum. Það er því ekki hægt að útiloka að einhverjar sjaldgæfar tegundir vaxi þarna. Þegar skoðunin fór fram var veður ákjósanlegt og var gengið um allt svæðið.

Um er að ræða vegarspotta frá Þjóðveginum rétt austan við brúna yfir Nýpslón, út Kolbeinstanga að vestan og út að grjótnámu sem fyrirhugað er að opna utarlega á tanganum vestanverðum, nokkru utar en eldri grjótnáma. Náman og vegurinn eru á vegum Vita- og hafnarmálastofnunar vegna grjótvinnslu fyrir hafnargerð.

Tanginn er hryggur, hæstur í miðju en klettur yst einkum austan megin. Að vestan eru ávalir hjallar frá melöldum á miðjum tanganum og niður að lóninu. Þar sem fyrirhugað er að opna grjótnámuna er klettaskál. Þ.e. brík til vesturs og norðurs en grjótnáman er fyrirhuguð innan þessarar bríkur. Það er gróið svæði með allþykum jarðvegi. Fyrirhugað er að náman opnist til NA eða A og að vegurinn liggi þaðan norður og vestur kringum bríkina og síðan SV tangann yfir mólendi neðan við gömlu námuna og þaðan yfir mólendi á einum af hinum ávölu hjöllum, inn á Þjóðveg (vegstæði 1). Einnig var skoðuð sú útfærsla að fara með veginn upp á meltungu sem gengur niður nokkru innan við gömlu námuna og láta hann síðan halda áfram inn melöldur uppi á tanganum (vegstæði 2).

### **Gróðurlýsing.**

#### *Námusvæði*

Svæðið innan við klettbríkina er ágætlega gróið, mest er þurrlandi en einnig svolítill votlendisblettur næst bríkinni. Á þurrari svæðum eru grös og bersvæðagróður. Mikið ber á tegundum eins og holtasóley, túnvingli, dvergstör, kornsúru, móasefi, þursaskeggi, hærum og ýmsum þurrlandis blómum. Bláberjalyng og krækilyng sást. Á votari hluta svæðisins voru ýmsar tegundir sem vaxa í raklendi svo sem flaga- og blómsef, sérbylisstör, klófífa, lyfjagras og einnig sást hengistör.

#### *Vegstæði*

Vegstæði 1. Þurrlandismói er á öllu þessu vegstæði. Landið er grófbýft og þurr og mosi áberandi á þúfunum. Mikið ber á holtasóley alls staðar í móanum og einnig gösum sérstaklega milli þúfna. Stinnastör, dvergstör, hærur, lambagras, sauðamergur og fleiri þurrlandistegundir eru algengar. Sums staðar í móanum er talsvert af fléttum (hreindýramosi, kræða ofl.). Móarnir mega heita algrónir þótt svolítið rof sé sums staðar í þúfnakollum. Þótt þeir séu fremur gróskulitlir er gróður nokkuð fjölbreittur og móarnir fallegir. Eftir að kemur spottakorn inn fyrir gömlu námuna er nokkuð meiri raki neðantil á þeim "hjalla" í landinu sem fyrirhugað er að vegurinn liggi um. Þar er ekki eiginleg mýri en gróska heldur meiri en þar sem þurrara er. Ýmsar jaðartegundir svo sem sef, og elftingar og einnig flagahnoðri, lyfjagras ofl. vaxa þar. Rétt tel ég að halda veginum ofan við þetta deiglendi.

Vegstæði 2. Eins og áður sagði myndi vegurinn liggja um sama þurrlandismóa og á vegstæði 1 en síðan fara upp á mel. Melurinn er talsvert gróinn og ber mikið á holtasóleyjartorfum. Einnig vaxa þar hærur, móasef, þursaskegg, vinglar, krækilyng, grávíðir, grasvíðir og talsverður fjöldi blómplantna svo sem geldingahnappur, lambagras, ljósberi, músareyra, vetrarblóm, vorblóm ofl. Undirlagið er nokkuð laust sums staðar á melnum (meltungann sem gengur niður til vesturs þar sem vegurinn færir upp). Laglegar mosabembur gefa melnum svip. Þetta er þannig snotur melur og ber að raska honum sem minnst ef af yrði að vegurinn færir þarna um og að hlífa mosþembunum eftir megni.

Val á vegstæði. Ekki er talið líklegt að sjaldgæfar tegundi sé að finna á fyrirhuguðu vegstæði en gróðurlendi eru nokkuð fjölbreitt og snotur. Það ætti því að raska þeim hið minnsta mögulega og ekki að ýta upp vegi hvorki í móum eða á mel. Þetta er einnig mikilvægt vegna ásyndar svæðisins sérstaklega þegar maður kemur að vesta (norðan). Einnig ber að varast að vegurinn verði niðurgrafinn þar sem slíkt gæti leitt til rofs og er auk þess lýti.

Neskaupstað 14. júní 1996. Guðrún Á. Jónsdóttir